

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

1. málslíður 8. mgr. 5. gr. reglnanna orðast svo: Í umboði rektors hefur framkvæmdastjóri stjórnsýslu yfirumsjón og eftirlit með sameiginlegri stjórnsýslu háskólans.

2. gr.

3. og 4. málslíður 1. mgr. 8. gr. reglnanna orðast svo: Framkvæmdastjóri stjórnsýslu leiðir sameiginlega stjórnsýslu skólans í umboði rektors. Hefur hann yfirumsjón með sviðum hinnar sameiginlegu stjórnsýslu skólans sem eru: framkvæmda- og tæknisvið, fjármálasvið, kennslusvið, markaðs- og samskiptasvið, starfsmannasvið og vísinda- og nýsköpunarsvið.

3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 3. júní 2016.

Jón Atli Benediktsson.

Halldór Jónsson.